Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 22. maí 2023 / 2208241

# Leikskóli við Skólatröð. Deiliskipulagstillaga.

**Samráðsfundur, 22. maí 2023, kl. 16:00-16:40, Digranesvegi 1, fundarherb. Fífuhvammi.**

Tilefni fundar: Vegna athugasemda sem bárust við kynnta/auglýsta tillögu að deiliskipulagi leikskóla við Skólatröð var boðað til samráðsfundar með aðilum málsins. Fundarboð var sent til lóðarhafa að Vallatröð 2-12.

Fundinn sátu:
Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi skipulagsdeild
Bergljót Sigríður Einarsdóttir verkefnastjóri/arkitekt skipulagsdeild
Ármann Halldórsson deildarstjóri framkvæmdadeildar
Guðrún Ragna Yngvadóttir arkitekt, ASK arkitektum

Ólafur Oddbjörnsson Vallartröð 12
Edda Sigvaldadóttir Vallartröð 10

## Minnisatriði fundar

Auður bauð fólk velkomið og gerði grein fyrir tilefni fundar. Hún fór yfir m.a.
- tillögu að deiliskipulagi og skýringarmynd af fyrirhugaðri byggingu á forhönnunarstigi (glærur nr. 5 og 6),
- kvöð um aðkomu að baklóðum Álfhólsvegar 6-10a má sjá á tillögu að deiliskipulagi (glærur 2 og 3),
- ábendingar/athugasemdir lóðarhafa Vallartröð 4, 10, 12.

Umræður
Tekið er fram að minnisatriði þessi og upptalning er ekki tæmandi. Markmiðið er að gera grein fyrir helstu efnisatriðum sem rædd voru á fundinum og næstu skrefum. *Helstu ábendingar lóðarhafa eru skáletraðar í bláum lit.*

*Fram kom m.a. að lóðarhafar hafa áhyggjur af og*
- *benda á skugga á bílskúra sem hafa m.a. glugga á suðurhliðum*
    - fram kom að ekki er gert ráð fyrir að bílskúrum og geymslum verði breytt í íbúðarhúsnæði/íverurými
- *telja að gera þurfi ráð fyrir að bílskúrana megi nota sem íverurými*
    - *telja að verið sé að rýra þeirra eignir*
    - *spyrja hvort hægt væri að hafa hluta leikskólans á tveimur hæðum í stað álmu sunnan við bílskúra V.tr. 12 og 4*
    - fram kom að þetta hefur verið skoðað m.a.
        - byggingin nýtist betur á einni hæð
        - m.a. af því að leikskólinn er ekki stór, hlutfallslega mikið svæði fara í stiga sem einnig geta verið erfiðir í minni (leik)skólabyggingum
- *mögulegu grjótkasti af leikskólalóð yfir á bíla á bílastæði við bílskúra V.tr. nr. 12 og 4 (vestan leikskólalóðar)*
    - rætt um að svæði milli bílskúra og leikskólabyggingar verði ekki leiksvæði barna, það verði þjónustusvæði
- *benda á að vindstrengur geti hugsanlega myndast á milli bygginga*
    - rætt var um möguleika á að setja vindvörn á girðingar til að brjóta vindinn, þetta þurfi að skoða nánar



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

- *hafa áhyggjur af umferð/umgengni um lóð Vallartraðar með vísan til þess að hlið er á leikskólagirðingunni beint inn á lóð þeirra*
    - gert er ráð fyrir að girðing verði endurnýjuð, ekki gert ráð fyrir opnanlegu hliði eða almennri umferðarkvöð um lóð V.tr. 2-12
- *hafa áhyggjur af öryggi t.d. innbrotum við lokað sund á milli bílskúra og leikskólabyggingar*
    - ekki verður gert ráð fyrir að umrætt svæði verði opið - umferð verði stýrt t.d. um hlið
- *hafa áhyggjur af brunavörnum t.d. með hliðsjón af mögulegum bruna rafbíla*
    - uppfylla þarf kröfur um brunavarnir m.a. með hlilðsjón af ákvæðum laga og reglugerða
    - brunahönnuður verður fenginn til að skoða brunaákvæði nánar og skilgreiningar þar að lútandi í deiliskipulagi
- *benda á að bílskúrar V.tr. nr. 12 og 4 hafi verið staðsettir samkvæmt tillögu Kópavogsbæjar (fyrr)*

<u>Stutt samantekt.</u> Rætt var m.a. um eftirfarandi. Sjá einnig glæru nr. 7.

a. <u>Kvaðir um aðkomu – girðingu o.fl.</u>

- Skýra þarf nánar kvöð um aðkomu að baklóðum Álfhólsvegar 6-10a – taka fram að kvöð um aðkomu verði um leikskólalóð alla jafna eftir lokun leikskólans og alla jafna um svæði vestan leikskólabyggingar og/eða samkvæmt samkomulagi hverju sinni.
    - Skoða þarf útfærslu/skilmála girðingar leikskóla að umræddum baklóðum og lóðum til hliðar að austan og vestan (hæð, hlið, annað).
- Skilgreina þarf í deiliskipulagi kvöð um aðkomu að veggjum bílskúra Vallartraðar nr. 12 og 4 sem liggja á lóðarmörkum - m.a. vegna viðhalds – alla jafna eftir lokun leikskólans - eða samkvæmt samkomulagi hverju sinni.

b. <u>Svæði milli bílskúra og leikskólabyggingar</u>

- Svæði milli bílskúra og leikskóla vestan megin á lóð verði ekki hluti af leiksvæði.
    - Skoða nánar mögulega vindstrengi og bregðast við t.d. með vindvörnum í girðingu.

c. <u>Brunavarnir /brunahönnun</u>

- Í skilmálum verði gerð nánari grein fyrir skilmálum varðandi brunaákvæði/brunakröfuf í samráði við brunahönnuð og aðkomu slökkvilliðs.

- d. <u>Annað.</u> Rætt var óformlega um áætlaðan framkvæmdartíma, endurnýjun lagna á svæðinu og almennt o.fl.

<u>Næstu skref</u>
Deiliskipulagstillaga, innkomnar athugsemir og umsögn skipulagsdeildar Umhverfis-sviðs Kópavogs með mögulegum tillögum að úrbótum lögð fyrir skipulagsráð.

- Afgreiðsla/samþykki skipulagsráðs, bæjarráðs og bæjarstjórnar.
- Athugasemdum verður svarað formlega að lokinni afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fundi lauk kl. 16:40. BSE

Fylgiskjöl.
Kynningarglærur (7 glærur)
Athugasemdir lóðarhafa að Vallartröð 4, 10 og 12

Skjal sótt af '0000000' dags: 19.08 2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is




1




2




3




4




5




6

Kópavogsbær

## Athugasemdir frá íbúum að Vallartröð 4, 10 og 12





Kvaðir, girðing, fjarlægð milli bygginga, eldvarnir,

| | |
|---|---|
| Kvöð um aðkomu að baklóðum Álfhólsvegar 6-10a | Aðkoma að baklóðum Álfhólsvegar verði um lóð leikskólans alla jafna eftir lokun leikskólans |
| Veggir bílskúra liggja að lóðarmörkum | Aðgengi að veggjum bílskúra verði tryggt með kvöð um aðkomu alla jafna eftir lokun leikskólans |
| Nálægð við bílskúra og bílastæði<br>Bil milli húsa<br>- Hætta á skemmdum/grjótkasti<br>- Skuggi og vindgöng<br>- Gluggar á bílskúrum<br>- Hlið á girðingu að lóðarmörkum, óásættanlegt | Hæð girðingar<br>Frágangur girðingar<br>Bílskúrar - ekki er gert ráð fyrir íbúðum í bílskúrum<br>Brunahönnun<br>Hönnun bygginga samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar<br>Lokað svæði á milli bílskúrs og leikskóla í umsjón leikskóla<br>Aðkoma slökkviliðs um aðkomu frá Skólatröð sunnan lóðar |

7

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

## Athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi

## Leikskóli við Skólatröð

Auglýst er eftir athugasemdum milli 02.03.2023 og 19.04.2023 vegna breytinga á deiliskipulagi „Leikskóli við Skólatröð".

https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/leikskoli-vid-skolatrod

Við gerum eftirfarandi athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi – „Leikskóli við Skólatröð":

- Ekki er kvöð á leikskólalóð um aðkomu eigenda bílskúra við norðvestur horn leikskólalóðar sem tilheyra Vallartröð 4 og 12 vegna viðhalds þeirra. Það er óhæft annað en eigendum bílskúra sem liggja þétt að lóðarmörkum leikskólalóðar verði tryggð aðgengi vegna viðhalds.
- Þá er svæði á norðurhluta leikskólalóðar núna með kvöð um aðkomu frá baklóðum Álfhólsvegs 6-10a, þetta svæði með kvöð á sér enga aðkomu nema gegnum einkalóðir Vallartraðar 2-12 og Skólatraðar 1-11 og með þessari aðgerð er Kópavogsbær að beina umferð ótengdra um einkalóðir annarra í án samþykkis eigenda eigna við Vallartröð 2-12 og Skólatröð 1-11. Við gerum því kröfu um að þessi kvöð verði felld niður nema Kópavogsbær tryggi aðkomu að þessu svæði í gegnum lóð sína (leikskólalóðina).
- Þar sem leikskólalóð liggur að bílastæðum framan við bílskúra Vallartraðar 4 og 12 (við norðvestur horni leikskólalóðar) verður að tryggja að leikskólabörn geti ekki unnið skemmdir á ökutækjum. Eigendur hafa nú þegar orðið fyrir skemmdum á ökutækjum vegna grjótkasts leikskólabarna sem Kópavogsbær hefur neitað að bæta. Nú þegar Kópavogsbær veit af vandamálinu gerum við kröfu um að bærinn tryggi öryggi ökutækja á þessu svæði með hárri lokaðri girðingu.



Ef Kópavogsbær bregst ekki við þrátt fyrir að vita af vandamálinu munu eigendur í framtíðinni gera kröfu um bætur vegna skemmda úr hendi Kópavogsbæjar.

- Í núverandi girðingu leikskólans er hlið inn á einkalóðir bæði Vallatraðar 2-12 og Skólatraðar 1-11. Við teljum óeðlilegt og algjörlega óásættanlegt að bærinn sé með hlið af leikskólalóð sinni yfir á einkalóðir annarra.
- Nálægð leikskólamannvirkis við núverandi bílskúra er með öllu óásættanleg og með öllu óskiljanleg þegar nóg pláss er fyrir leikskólamannvirkið austar á lóðinni. Eigendur bílskúra gera athugasemdir við eftirfarandi
    - Mikil takmörkun á birtu inn um glugga á suður hlið bílskúra vegna nálægðar og hæðar á leikskólamannvirkinu sem gnæfir yfir bílskúra. Ef þetta verður að veruleika mun aldrei gæta sólar aftur inni í bílskúrum sem oftar en ekki er breytt í íbúðarhúsnæði, enda stórir og rúmgóðir.




    - Mjög aukin hætta á innbrotum og skemmdum á bílskúrum sem núna enda inni í lokuðu skoti sem myndast milli bílskúra og leikskólamannvirkis
    - Brunahætta milli mannvirkja þar sem gluggar eru á allri norðurhlið bílskúra.
    - Þá myndast ónothæft svæði á þröngu bilinu milli bílskúra og leikskólamannvirkis vegna vindganga sem myndast í þrengingunni. Þessi vindgögn munu hafa áhrif á notagildi garða norðan við hús Vallartraðar 10 og 12.




Það er því niðurstaða okkar að í núverandi tillögu sé ekki tekið neitt tillit til þeirra mannvirkja sem liggja þétt upp að lóðarmörkum leikskólalóðar á meðan eftirfarandi er haldið fram í greinargerðinni:

> Að öllu samanlögðu er deiliskipulagið talið hafa jákvæð áhrif á **samfélag** með auknu framboði af leikskólaplássum. Tekið hefur verið tillit til áhrifa á umhverfið vegna **skuggavarp**s, **sól**ar og **skjól**s við val á staðsetningu byggingarreits, hæðar mannvirkis og útfærslu á lóð. Hugað er að aðkomu slökkviliðs sem hefur jákvæð áhrif á **öryggi**. Nýr leikskóli í nálægð við ný íbúahverfi mun ýta undir umferð gangandi sem hefur jákvæð áhrif á **umferð.** Áhrif á **minjar** eru engin.

Með þökk,

Ólafur Oddbjörnsson kt. 310380-3509

Guðlaug Stella Jónsdóttir kt. 300180-5749

Vallartröð 12, 200 Kópavogi

Edda Guðrún Sigvaldadóttir kt. 270978-5769

Vallartröð 10, 200 Kópavogi

Sverrir Freyr Guðjónsson kt. 260990-2419

Sonja Lind Ísfeld Víðisdóttir kt. 080791-3449

Vallartröð 4, 200 Kópavogi

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026